

Nd.

305. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 45 13. júní 1937, um dragnótaveiði i landhelgi.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

1. málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Innan íslenzkrar landhelgi skulu veiðar með dragnótum bannaðar ár hvert á tímabilinu frá 1. janúar til 15. júní og frá 1. til 31. desember. Einnig eru dragnóta-veiðar á skipum, sem eru að stærð 35 smálestir brúttó eða meira, bannaðar frá 15. júní til 30. september ár hvert.

2. gr.

Í 8. gr. laganna, á eftir orðunum „möskvastærð dragnóta“, bætist: lengd dráttar-
lína.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.